




GOLFKLÚBBUR NESS - NESKLÚBBURINN

Ársskýrsla 2025











GOLFKLÚBBUR NESS - NESKLÚBBURINN

Ársskýrsla 2025

Klúbbmeistarar 2025



Heiðar Steinn Gíslason og Karlotta Einarsdóttir

Stjórn Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins starfsárið 2025

var þannig skipuð:

Þorsteinn Guðjónsson, formaður
Elsa Nielsen, varaformaður
Guðrún Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Árni Vilhjálmsson, ritari
Ásgeir Bjarnason, meðstjórnandi
Jóhann Karl Þórisson, meðstjórnandi
Þórkatla Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi
Framkvæmdastjóri klúbbsins
er Haukur Óskarsson

Skýrsla stjórnar

Kæru félagar.

Ég hef lagt það í vana minn að hefja ávarp mitt á ári hverju með því að geta þess sem í mínum huga stóð upp úr á árinu. Til þess að halda í hefðina langar mig þetta árið að byrja á orðunum: veðurofsi, samhugur, kraftaverk og sjálfböðaliðar.

Eins og orðin gefa til kynna að þá er ég hér að vísa til óveðursins sem gekk yfir landið síðasta dag febrúar mánaðar og því sem gekk yfir völlinn okkar. Allt er málið varðaði náði ekki bara inn á borð stjórnar eða félagsmanna Nesklúbbsins, heldur varð bæði að forsiðufréttum fjölmiðla og fólki kepptist við að birta myndir á samfélagsmiðlum. Og ekki að undrast. Því eins og Þór bæjarstjóri orðaði það réttilega í viðtali við einn fjölmiðilinn þá gekk hin “eitraða” blanda, þ.e. bæði há sjávarstaða og rjúkandi suðvestanátt, yfir suðvesturhorn landsins og fékk Suðurnesið svo sannarlega að kenna á því. Þarna voru góð ráð dýr því þótt völlurinn hafi oft sinnis áður borið þess merki að vetrarveður gerðu óskunda, þá var strax ljóst að þetta var af annarri stærðargráðu. Þar fyrir utan var á þessum tímapunkti snjóá tekið að leysa og völlurinn mjög blautur. Það lá því fyrir að völlurinn myndi bera þess lengi merki ef ekkert yrði að gert fljótt. Það er kannski ofsögum sagt að það hafi verið hlegið að okkur þegar við sögðumst ætla að leita til félagsmanna til þess að hreinsa völlinn, en það voru ekki margir sem höfðu trú á því að það myndi duga til. Við sendum út „neyðarkall“ til félagsmanna og það stóð ekki á viðbrögðum frekar en fyrri daginn. Á nokkrum hreinsunardögum mættu á þriðja hundrað félagar, tóku til hendinni vopnaðir skóflum, hrífum og hjólbörum og skiluðu yfir 500 vinnustundum. Slíkur var samhugurinn að fjöldi utanaðkomandi golfáhugamanna mættu og hjálpuðu til og fyrir það erum við þakklát. Þannig voru ófá tonninn af grjóti og sandi fjarlægð af vellinum með mannaflinu einu. Við bættist svo framlag Seltjarnarnesbæjar sem sendi þar til gerðar vélar til þess að ráðast á stærstu hnellingana ásamt því að gera við göngustíginn í kringum völlinn og vaskir starfsmenn klúbbsins sáu síðan um að ljúka verkinu og eru enn að. Til þess að gera langa sögu stutta þá héldum við rúmlega þremur mánuðum seinna fjölmennasta Meistaramót klúbbsins á iða grænum vellinum með flatir sem náðu samanburði í hraða og þær sem keppt var á í Opna Breska Meistaramótinu í sama mánuði. Þetta kalla ég kraftaverk.

Og þetta kraftaverk er ekkert annað en uppskera alls þess sem Nesklúbburinn stendur fyrir sem er samhugur og ósérhlífni félagsmanna með endalausri og ómældri sjálfböðavinnu í þágu klúbbsins. Þrátt fyrir að þetta hafi farið fram úr okkar björtustu vonum að þá höfðum við alltaf trú á því að í sameiningu myndum við klára þetta stóra verkefni – trú sem engir aðrir höfðu. Það fyllir mig svo sannarlega stolti og fyrir það vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn enn og aftur.



Í síðustu ársskýrslu kynnti ég til leiks nýjan starfsmann í stöðu vallarstjóra. Stuart Mitchinson hóf störf hjá okkur eftir áramót og bauð Nesið hann velkominn með framangreindum atburði sem hann fékk beint í fangið nánast á fyrsta degi. Það verður að segjast eins og er að miðað við það sem hann og hans menn þurftu að vinna út frá hafi allt farið á besta veg og erum við virkilega ánægð með hvernig hann hefur unnið með völinn í sumar, ekki síst út frá þeim aðstæðum sem uppi voru. Nánar verður fjallað um það sem tengist vellinum síðar í skýrslunni.

Afhverju er ég að vísa í þetta hér og hvað kemur það Nesklúbbnum í sjálfu sér við? Jú, því eins og ég hef áður sagt og rétt að minna á þá er Nesklúbburinn fyrst og fremst íþróttafélag. Án þeirrar staðreyndar væri klúbburinn ekki til í þeirri mynd sem hann er í dag. Verandi hluti af þessari stóru heild sem golfhreyfingin á Íslandi er, er því bæði fróðlegt og nauðsynlegt að bera m.a. saman þessi þrjú atriði sem ég taldi upp og sjá hvernig okkur hefur tekist til. Fjöldi barna og unglinga hefur margfaldast í Nesklúbbnum svo eftir hefur verið tekið á undanförunum árum.



Þegar þessi orð eru skrifuð er ársþingi Golfsambands Íslands nýlokið. Golfþing er haldið annað hvert ár og er vettvangur þar sem forsvarsfólk allra golfklúbba og stjórn Golfsambandsins koma saman. Farið er yfir afrakstur liðinna ára og svo aftur framtíðarstefnu sambandsins. Meðal þess sem þar kom fram var að kylfingum á landinu heldur áfram að fjölga og á þessu ári um 11,5%. Það þýðir að kylfingar í hreyfingunni eru nú rétt um 30 þúsund í 62 golfklúbbum landsins. Þannig er GSÍ ekki aðeins elsta íþróttahreyfing landsins heldur ein sú fjölmennasta ef ekki bara sú fjölmennasta. Einnig kom þar fram að þrjú af þeim málefnum sem sambandið hefur sett á oddinn eru að fjölga í barna- og unglingahópum um 4%, hækka hlutfall kvenna upp í 40% og fjölga í afrekshópi kylfinga sem leika á sterkum mótaroðum.

Sá hluti barna og unglinga sem keppir á mótaroðum Golfsambandsins stækkar og stækkar með hverju árinu og oft á tíðum hefur náðst frábær árangur. Hlutfall kvenna í Nesklúbbnum er í dag yfir 41% á móti 34% á landsvísu. Þá má til gamans geta þess að meðalaldur félagsmanna klúbbsins er rúmlega 55 ár þar sem meðalaldur karla er tæplega 54 ár á móti 47 árum á landsvísu og hjá konum er meðalaldurinn um 58 ár á móti 53 árum hreyfingarinnar. Meðalforgjöf félagsmanna Nesklúbbsins er 26,4, hjá konum er hún 32,8 en innan GSÍ er hún 38,5. Hjá körlunum er meðalforgjöfin 21,9 á móti 28,6 á landinu öllu. Ef við drögum þetta saman til gamans má sjá að okkar félagsmenn eru að jafnaði eldri en í öðrum klúbbum en engu að síður miklu betri í golfi.

Um leið og þessar tölur eru settar fram til gamans þá eru þær engu að síður mjög athyglisverðar í ljósi þess að Nesklúbburinn er partur af stærri heild. Þannig er í raun Gólf samband Íslands óþarft án allra klúbba og án Gólf sambandsins væru eins og áður sagði, klúbbarnir ekki til í þeirri mynd sem nú er. Þess vegna er ágætt að bera okkur saman við stefnu Gólf sambandsins sem samþykkt er af öllum gólfklúbbum landsins á ársþingum GSÍ. Það má því alveg segja að þessar forsendur gefi til kynna að við séum að standa okkur nokkuð vel. Getum við þá ekki bara hallað okkur aftur og lagt hendur í skaut og hugsað eingöngu um okkur sjálf í þeirri mynd sem við erum í dag. Það fyrir mitt leyti er ekki leiðin því niðurstaðan sem út úr þeirri ákvörðun kæmi væri einfaldlega stöðnun. Við verðum að hafa framtíðarsýn og við verðum að halda áfram að vaxa og þróast. Þær breytingar sem átt hafa sér stað hjá Nesklúbbum á undanförunum árum gerðust ekki af tilviljun.



Þetta er áralöng vinna þar sem forverar mínir sem formenn, með sínum stjórnun, settu klúbbum markmið og samþykkt hefur verið af félagsmönnum á aðalfundum í gegnum árin. Kyndillinn hefur svo gengið áfram á milli stjórna sem hafa haldið þróuninni áfram og sett ný og hærri viðmið. Við höfum augun opin fyrir tækifærum á sama tíma og við hugum að innviðunum. Við setjum okkur ný, raunhæf og líka háleit markmið og vinnum að þeim.



Eitt af þeim markmiðum sem sett hafa verið er að veita fleiri íbúum Seltjarnarness tækifæri á að nýta þá auðlind sem við búum að. Sú auðlind er það land sem gólfvallarsvæðið allt stendur á og er í eigu Seltjarnarnesbæjar. Við höfum margoft komið með fréttir af biðlistanum í klúbbinn. Hann er fyrir mörgum árum orðinn landsfrægur og eins og þetta þótti nú stundum fyndið þá er þetta í dag orðið mjög sorglegt og ekkert til að gorta af. Núna eru rétt tæplega 1.900 manns á þessum lista sem bíða eftir að komast inn í klúbbinn. Ef allt er tekið saman, þ.e. bæði félagsmenn og þeir sem á biðlistanum eru, að þá eru einhversstaðar um 1.100 einstaklingar sem hafa lögheimili á Seltjarnarnesi og hafa því áhuga á því að taka þátt í því starfi sem íþróttafélagið Nesklúbburinn býður upp á. Það gerir um 24% bæjarbúa sem er ansi hátt hlutfall því öllu jafna er sú prósentutala í öðrum bæjarfélögum undir 10%.

Nesklúbburinn hefur í rúmlega 60 ár búið til, endurbætt og viðhaldið þeim golfvelli sem nú stendur á Suðurnesinu. Þess vegna höfum við talið það eina af okkar skyldum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að veita fleirum aðgengi að landinu, búa til vettvang fyrir fleiri einstaklinga til þess að huga að heilsu sinni, hvort heldur er líkamleg, andleg eða félagsleg.

Bæjarfélagið okkar sem bæði veitir tómstundastyrki fyrir börn til íþróttaiðkunnar og stuðlar líka markvisst að fjölbreyttu starfi fyrir íbúa 60 ára og eldri. Bæjarfélagið sem eins og á heimasíðu sinni gefur sig út fyrir mikla grósku í öllu íþróttastarfi á undanförunum árum.

Það má því alveg velta fyrir sér að ef það væru jafn margir einstaklingar sem myndu vilja leika aðra íþrótt á Nesinu hvort að viðtökurnar yrðu þær sömu. Yrði til dæmis fimleikahúsið ekki bara stækkað, yrði ekki íþróttahúsið stækkað, sundlaugin endurbætt og yrði ekki sett nýtt gervigras á fótboltavöllinn. Reyndar hefur þetta allt verið gert á undanförunum árum til þess að mæta þeirri eftirspurn sem þar hefur verið. Ég vil taka það skýrt fram að ég er mjög hlynntur öllum þessum endurbótum, bæði verandi foreldri barna sem hafa alist upp á Nesinu sem og stoltur bæjarbúi af öllu því starfi sem bærinn leggur sig fram við að styðja. En betur má ef duga skal og mér finnst það ekki ósanngjörn krafa að öllum sé gert jafn hátt undir höfði.

Biðlistinn í klúbbinn er því um leið bæði hrós og viðvörun. Hrós, því það sýnir styrk og aðdráttarafl í starf klúbbsins. Viðvörun, því það sýnir að aðstaðan sem við höfum í dag nær einfaldlega ekki utan um þann áhuga sem er til staðar. Í einum formannspistli mínum í vor sem ég sendi út á ykkur félagsmenn fór ég í grófum dráttum, með nokkuð hörðum orðum að margra mati, yfir þá stöðu sem við búum við. Þar kom m.a. fram að í enn eitt skiptið var settur steinn í götu okkar frá Umhverfisstofnu bæjarins. Í þetta skiptið ekki bara með ómálefnalegum, heldur líka röklausum og fordæmalausum kröfum.

Nú teljum við, og þó fyrr hefði verið, að tími sé kominn til að bæjarstjórn Seltjarnarness gefi bæjarbúum sínum skýr svör um hvað hún er tilbúin að leggja af mörkum og hvenær. Það er einfaldlega kominn tími til að það sé sýnt í verki að öllum íþróttafélögum á Nesinu sé gert jafn hátt undir höfði. Stuðla enn frekar að bættu heilbrigði bæjarbúa. Þetta snýst ekki bara um golf – þetta snýst um að styrkja samfélagið á Seltjarnarnesi, skapa aðstöðu fyrir unga iðkendur, fjölskyldur og aðra íbúa sem vilja líka nýta þetta dýrmæta svæði betur.

Fram undan eru bæjarstjórnarkosningar og við teljum það ekki ósanngjarna kröfu að nú komi útspil frá bæði sitjandi bæjarstjórn og líka verðandi frambjóðendum hver þeirra stefna sé og hvað þau ætla að gera fyrir þessa tugi prósentu kosningabærra íbúa Seltjarnarness sem eins og áður segir eru yfir eitt þúsund.



Þegar litið er til baka á síðasta rekstrarár má segja að það hafi verið afar gott ár fyrir margar sakir. Við höfum haldið áfram að efla og bæta innviði klúbbsins, og það er nánast búið að endurnýja allan golfskálann á undanförunum árum. Flestir aðrir þættir starfseminnar eru raktir nánar síðar í skýrslunni, og hvet ég ykkur til að lesa hana því ýmislegt getur gleymst og er því hér haldið til haga.

Heilt yfir gengur rekstur Nesklúbbsins vel. Við eigum frábæran 9 holu völl, framúrskarandi æfingaaðstöðu bæði inni og úti, endurnýjað klúbbhús, faglegt starfsfólk og traustan fjárhag. En við erum fullkomlega meðvituð um að alltaf má gera betur. Ný verkefni og áskoranir munu koma – hvort sem það er veðráttu, þróun golfhreyfingarinnar eða aukin aðsókn. Hreyfing og heilbrigði eru grunnstoðir góðs lífs og við erum í frábærri stöðu til að þróa okkur áfram.



Ég vil ljúka þessari yfirferð á jákvæðum nótum og hrósa því sem vel hefur tekist. Sumarið var einstakt – veðrið skapaði kjöraðstæður til golfleiks sem skilaði sér í mikilli aukningu á leiknum hringjum, fjölgun golfara og frábærum árangri í keppnum, sérstaklega hjá ungmennum okkar. Félagsstarfið hefur verið öflugt og barna- og unglingastarfið heldur áfram að blómstra ár frá ári. Það sem þó stendur alltaf upp úr er samheldnin sem einkennir Nesklúbbinn og sá góði andi sem ríkir meðal félagsmanna.

Að sjálfsögðu má ekki gleyma hinu sögufræga salerni við gamla 9. teiginn sem loksins reis á árinu. Það tók sinn tíma að koma því á koppinn, en þegar það fékkst loks byggingarleyfi var ráðist í uppsetningu og fellur það ákaflega vel að umhverfinu. Í raun virðist það hafa átt heima þar í mörg ár. Þetta er glæsilegt dæmi um hvað hægt er að gera þegar allir dansa í takt.

Ég trúir því staðfastlega að við náum saman hljóði og mynd í þeirri vegferð, því stöðnun er ekki til í okkar orðaforða. Að lokum vil ég þakka kærlega fyrir það traust og umboð sem ég hef fengið til að gegna formennsku í þessum frábæra félagskap. Ég hef meiri metnað en nokkru sinni fyrr til að gera enn betur og mun halda áfram að miðla reglulega upplýsingum með formannspistlum mínum. Núverandi stjórn leggur ríka áherslu á opna og góða tengingu við félagsmenn.

Í upphafi minntist ég á kraftaverk – kannski stór orð, en þau eiga vel við. Frá stofnun klúbbsins hafa mörg kraftaverk litið dagsins ljós. Með viljann að vopni, háleit markmið, samhuga félagsmenn, samstillta stjórn og bæjarfélag sem styður við bakið á okkur – þá er uppskriftin til staðar fyrir fleiri kraftaverk í framtíðinni.

Þorsteinn Guðjónsson, formaður

Rástímar

Fyrir tímabilið voru kynntar nýjar rástímareglur. Við fylgdum þannig þeirri uppskrift sem aðrir klúbbar á höfuðborgarsvæðinu höfðu áður tekið upp og enn fleiri innleiddu á þessu tímabili. Markmiðið var fyrst og fremst að auka skilvirkni og gæði rástímabókanna þannig að sem flestir félagsmenn eigi möguleika á því að fá rástíma, sem oftast þegar þeir vilja og minnka um leið "hamstur". Einnig gengum við enn frekar á eftir því að allir staðfestu komu sína á rástímann. Það er okkar mat að vel tókst til í báðum aðgerðum. Á tímabilinu júní – september voru leiknir 28.950 hringir, en það er aukning á leiknum hringjum um 12,8% á milli ára.

Auðvitað á gott veðurfar án nokkurs vafa sinn þátt í því. Það er hinsvegar mjög áhugavert þegar rýnt er í tölfræðina að rástímar taka stundum breytingum yfir 20 sinnum. Flestar breytingarnar eru oftast en ekki degi fyrir rástímann eða samdægurs. Yfir 95% félagsmanna staðfestu mætingu sína á bókaðan rástíma. Við kynntum til leiks viðurlög fyrir þá sem gerðust ítrekað "brotlegir" og voru nokkrir félagsmenn sem þurftu að hlíta tímabundnu banni. Það voru sem betur fer ekki margir enda er tilgangurinn síður en svo að hafa þann hóp sem stærstan. Umfram allt viljum við fyrst og fremst ganga úr skugga um að félagsmenn mæti á þá rástíma sem þeir eiga bókaða.

Einnig var áhugavert að sjá að aldrei hafa verið seld jafn mörg vallargjöld í gegnum Golfbox. Þeir sem þau greiða geta eingöngu skráð sig kvöldið fyrir rástímann eða samdægurs. Niðurstaðan er því í raun sú að þrátt fyrir þessa fjölgun á leiknum rástímum hafi verið þetta mikil að þá sýna ofangreindar staðreyndir okkur framboðið af rástímum fyrir félagsmenn er mikið og við virðumst ekki vera að glíma við sömu vandamál og sumir aðrir klúbbar.

Hvað varðar frátekna rástíma fyrir mótahald, viðburði eða aðra hópa þá hefur það áður komið fram að þessu er reynt að stilla í hóf. Forbókanir fyrir hópa sem flestar eru á haustin eru mikilvægar, ekki síst fyrir veitingasöluna því nánast undantekningarlaust mæta þeir óháð veðri og vindum. Þess má líka geta að sumir þessara hópa og/eða fyrirtækja eru oftast en ekki skipaðir félagsmönnum að hluta eða öllu leiti. Það er reynt að bóka eingöngu hópa með vönum kylfingum en nær því miður ekki alltaf fram að ganga. Þessu er stýrt út frá bæði tíðni, magni og tíma dags í hvert skipti og var fjöldi slíkra forbókana á pari við undanfarin ár eða rétt tæplega 1% ásamt 5 fyrirtækjamótum og svo þá lokanir vegna annarra móta og viðburða á vegum klúbbsins.



Þróun bókunar rástíma hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, eða frá því að við tókum upp Golfbox og ekki miklar breytingar á milli ára fyrr en nú eða tæp 13% á milli ára. Eins og fyrr hefur verið sagt, spila nokkrir þættir inn í sem án efa hafa allir einhver áhrif, gott veður, meiri ásókn fólks í golf (11,5% fjölgun) og nýjar reglur um bókun rástíma.

Á hverju ári berast eðlilega fyrirspurnir um vinavellina. Það er staðreynd að þeim hefur því miður fækkað undanfarin ár. Ástæðan er ekki á nokkurn hátt vilji stjórnar til þess að semja við aðra klúbba um slíkt aðgengi á þeirra völlum, heldur hafa forsendur breyst með fjölgun í hreyfingunni. Þetta var alltaf þannig að fámennari klúbbar í kringum höfuðborgarsvæðið og úti á landi töldu hag sinn í því að bjóða félagsmönnum annarra klúbba á sinn völlum gegn lægra gjaldi. Þeir samningar voru alltaf einhliða, þ.e. að félagsmenn viðkomandi klúbba nutu ekki sömu réttinda á Nesvellinum. Ástæðan er fjöldi okkar félagsmanna og aðgengi þeirra að rástímum. Nú er staðan hins vegar sú að vegna fjölgunar félagsmanna í mörgum af ofangreindum klúbbum vilja flestir þeirra ekki gera slíka samninga nema að það sé gagnkvæmt. Það hefur stjórn talið varhugavert í ljósi þess að það myndi fækka þeim rástímum sem í boði yrðu fyrir okkar félagsmenn. Einnig hefur það verið í forgrunni að veita frekar fólki á biðlistanum aðgengi að lausum rástímum. Það hefur verið gert m.a. í gegnum aukaaðildina og miðað við tölur um fjölda bókaðra rástíma, þ.e. nýtingu á vellinum, að þá hefur að mati stjórnar myndast þar gott jafnvægi. Umfram allt eins og ofar er getið, að framboð rástíma til félagsmanna er gott og í raun töluvert meira en hjá nágrannaklúbbum. Það hefur verið rætt að gera gagnkvæma samninga til prufu og þá jafnvel við einstaka klúbba. Það sem þarf þá að hafa í huga er að ef það myndi ekki ganga vel væri enn ólíklegra en nú er að viðkomandi klúbbur myndi gera við okkur samning á öðrum forsendum í framtíðinni. Það sem meira er að ef niðurstaðan úr því væri ekki góð myndum við líklega missa þá velli sem við þó höfum nú þegar þar sem þeir myndu eðlilega krefjast þess að gera við okkur samninga á sama grundvelli og við þá höfðum boðið öðrum.

Þessu til viðbótar er rétt að halda því til haga að einhverjir klúbbar greiða töluverðar fjárhæðir til þess að bjóða upp á þessa vinavelli fyrir sýna félagsmenn. Tölurnar hjá okkar meðlimum sýna að fjöldi þeirra sem nýtt hafa sér vinavellina eru í miklum minnihluta og því er það spurning um þau sanngirnissjónarmið að allir félagsmenn séu að niðurgreiða þau vallargjöld.

Til að draga þetta saman má því segja að til þess að mögulega sé hægt að bjóða upp á fleiri vinavelli þarf að minnka framboð af rástímum á Nesvellinum fyrir okkar félagsmenn eða greiða sérstaklega fyrir það ef það þá yrði á annað borð í boði.



Völlurinn

Það er óhætt að segja að þegar nýr vallarstjóri mætti til starfa í vetur hafi völlurinn og veðurguðirnir tekið "vel" á móti honum. Aftakaveður gerði í febrúar og var það með því verra sem við höfum upplifað. Gríðarlegt magn af grjóti dreyfðist yfir völlinn og var sumstaðar möl og grjót meira en meters þykkt.

Eins og fram kemur í skýrslu formanns hér að framan sýndu meðlimir enn og aftur hvers þeir eru megnugir og mættu sjálfbóðaliðar í fjögur skipti og hreinsuðu brautir, teiga og flatir svo eftir var tekið. Umfjöllun í blöðum og sjónvarpi sýndi hversu öflugt sjálfbóðaliðastarf er unnið hér í klúbbnum og áætlum við að meðlimir hafi þarna skilað mörg hundruð vinnustundum. Við fengum kveðjur frá öðrum klúbbum og almennt er óhætt að segja að öll umfjöllun um starf okkar hafi verið einstaklega jákvæð.

Það má segja að við í vallarnefndinni höfum ekki verið neitt sérstaklega bjartsýn um ástand vallarins í byrjun sumars. Það var fljótt ljóst að ekki hafði verið gengið nægilega vel frá vellinum fyrir veturinn og á það sér haldþæra skýringu. Óhætt er því að segja að Stuart og hans teymi hafi unnið frábært starf í sumar og komst völlurinn í frábært ástand um mitt sumar.

Eins og fram kom í ársskýrslunni í fyrra var ákveðið að fara ekki í miklar framkvæmdir á árinu í ljósi þess að við vorum að fá nýjan mann í brúna og töldum eðlilegt að hann fengi að kynnast vellinum í þeirri mynd sem hann var. Engu að síður var ýmsu hrint í framkvæmd. Teigarnir á 4. braut voru lagfærðir og tyrfðir aftur enda fyrir löngu kominn tími til. Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að ekki tókst alveg jafn vel til og vonast hafði verið, en það verður lagfært þegar færi gefst. Fyrir framan 7. karlateiginn var svæðið hreinsað upp eftir óveðrið í vor og sáð í það. Glompan á 9. braut, "Hafsteinn", var endurgerð og er óhætt að segja að sú breyting hafi verið til mikilla bóta. Hæst ber þó að nefna salernið margumtalaða sem var sett upp í vor. Frágangi í kringum það verður lokið í haust. Einnig er þegar þetta er ritað verið að klára að lagfæra nokkra vatnsúðara (sprinklara) sem eru í kringum flatirnar.

Stuart kom með þá hugmynd í vor að stækka fyrstu flötina með það að markmiði að geta haft fleiri holustaðsetningar. Flötin sem er sú eina sem ekki hefur verið skipt um undirlag í tugi ára.

Það gerir það að verkum að hún hefur sigið töluvert, bæði út af núverandi uppbyggingu en ekki síður út af þeim veðurfarslegu aðstæðum sem hún býr við. Fyrir vikið hefur svæðum fyrir holustaðsetningar fækkað til muna út af halla og því var vel til fundið að fara þessa leið.

Gert var nýtt teigstæði á 9. braut til prufu. Þannig breyttist ásýnd brautarinnar mikið og var ekki annað að heyra en að það mæltist vel fyrir hjá félagsmönnum. Við gerum því ráð fyrir að byggja teiginn upp, setja í hann vökvunarkerfi og geta þannig nýtt bæði teigasettinn með tilliti til fuglavarps en um leið til að auka fjölbreytni á brautinni.



Einnig var slætti í kringum sumar glompur vallarins breytt. Var þannig grasinu í bökkum þeirra margra leyft að vaxa eins og sjá má oft á skoskum links golfvöllum. Flott breyting sem gerir völlinn líka enn meira krefjandi.



Tími framkvæmda á golfvelli er á haustin og þá helst í september mánuði. Það er þá sem róast hjá vallarstarfsfólki í almennu viðhaldi og að sama skapi er það tíminn sem gróðurinn þarf til að taka sig fyrir veturinn

Skipulag og þá um leið breytingar eru í sífelldri endurskoðun hjá vallarnefnd. Við reynum að setja okkur bæði skammtíma- og langtímamarkmið bæði hvað varðar endurnýjun vélafloata og eins hvað völlinn varðar.

Sú framtíðarsýn sem byggir á tillögum McKenzie & Ebert á breytingum á vellinum hefur ekkert breyst. Engu að síður teljum við nauðsynlegt með tilkomu nýs vallarstjóra að setjast niður og endurskipuleggja það sem framundan er. Gera má ráð fyrir að afrakstur þeirrar vinnu verði tilbúinn næsta vor og þá að geta haldið áfram endurbótum á vellinum haustið 2026. Þar með talið eru nýir teigar sem áætlað var að gera á þessu ári. Fjárfest var í flatarvél fyrir sumarið. Í stað þess að fara í stórar fjárfestingar á nýrri vél keyptum við notaða vél frá Bretlandi. Núverandi vélakostur er svo sannarlega kominn til ára sinna enda sumar vélarnar hátt í tuttugu ára gamlar. Með því að fara þessa leið, þ.e. kaupa notaðar vélar sem eru í mjög góðu ástandi og standa öllu jafna til boða, teljum við að hægt verði að endurnýja vélafлотann töluvert fyrr en ella. Þannig má á sama tíma lækka viðhaldskostnað til muna.

Í vor kynntum við nýtt verkefni sem við kölluðum "braut í fóstri". Þannig fengum við alla félagsmenn í lið við að hugsa sérstaklega vel um sína braut með því að m.a. gera við boltafyrir á flötum, raka glompur og henda brotnum tímum á teigunum. Þetta heppnaðist frábærlega og það var afskaplega ánægjulegt að sjá hvernig umgengnin á vellinum batnaði til muna.

Fyrr í haust fengum við enn eitt veður áhlaupið og kom töluvert af mól og grjóti inn á völlinn. Vallarstarfsmenn hafa náð að hreinsa það að mestu upp og hefur það gengið ágætlega. Það er ljóst að það þarf að huga að því hvort það sé ekki möguleiki að hækka varnargarðinn í kringum göngustíginn og munum við eiga það samtal við Seltjarnarnesbæ. Vallarnefnd hafði reglulega fundi á árinu og hefur samstarfið gengið vel. Það ber einnig að þakka meðlimum fyrir þær góðu móttökur sem Stuart og hans starfsfólk hefur fengið en hann hefur sérstaklega haft orð á því hve góð samskipti hann hefur átt við félagsmenn í sumar.

Í vallarnefnd sátu, undirritaður,
Nökkvi Gunnarsson og Stuart vallarstjóri.

Kveðja,
Ásgeir G. Bjarnason formaður vallarnefndar

Barna- og unglingastarf Iðkendatölur

Árið 2025 hefur verið farsælt ár í barna- og unglingastarfi Nesklúbbsins. Við sáum krakkana okkar blómstra, bæði á heimavelli sem og á öðrum völlum. Aldrei höfum við átt eins marga kylfinga á mótaroðum GSÍ eins og í ár og var árangurinn oft á tíðum mjög góður.

Nesklúbburinn vann til tveggja verðlauna í Íslandsmótum golfkúbba, en U14 ára stúlkna sveitin varð Íslandsmeistari og 15-16 ára sveit drengja vann til silfurverðlauna.

Stúlkna sveitina skipuðu Arnheiður Helga Hermannsdóttir, Elísabet Þóra Ólafsdóttir, Emma Daðadóttir og Þórey Berta Arnarsdóttir.

Piltasveitina skipuðu Pétur Orri Þórðarson, Benedikt Sveinsson Blöndal, Skarphéðinn Egill Þórisson og Heiðar Örn Heimisson. Júlí Róbert Helgason, 10 ára kylfingur, fór holi í höggi í sama móti í flokki 12 ára og yngri. Elísabet Þóra Ólafsdóttir átti frábært golfsumar og varð Íslandsmeistari bæði í högggleik og holukeppni í ár auk þess að vinna alla sína leiki í U14 sveitinni. Elísabet er því þrefaldur Íslandsmeistari eftir að hafa unnið alla titla sem í boði voru í ár.

Skarphéðinn Egill Þórisson var valinn í landsliðshóp Íslands í golfi eftir flottan árangur. Skarphéðinn vann til að mynda sterkt alþjóðlegt mót um páskana þegar hann sigraði GJG Junior international Portugal mótið í sínum aldursflokki. Mótið er hluti af Global Junior mótaroðinni, alþjóðlegri mótaroð sem hugsuð er fyrir unga og efnilega kylfinga sem vilja reyna fyrir sér á alþjóðlegum vettvangi. Global Junior mót var einnig haldið á Íslandi í ár á Hlíðavelli og þar fór Heiðar Steinn Gíslason klubbmeistari Nesklúbbsins holi í höggi á 10. Braut. Brautin er 291 metri að lengd og þar 4 og var þetta í fyrsta skipti í sögu Global Junior mótaraðarinnar sem kylfingur fer holi í höggi á þar 4 holi. Heiðar fékk einnig bronsverðlaun á mótinu í sínum aldursflokki. LOGO mótaroð barna hélt áfram í sumar og stóð Þórdís Borg Ólafsdóttir uppi sem stigameistari í ár.

Um 140 börn hafa sótt vikulegar æfingar hjá Nesklúbbum í ár. Aldrei hafa eins mörg börn sótt golfleikjánaðskeyð, en Nesklúbburinn hélt átta vikulöng náðskeyð í sumar og alls komu 257 börn á eitt eða fleiri slík. Ef mögulegt væri hefðum við tekið á móti enn fleirum, en 132 börn voru á biðlista eftir pláss. Golfáhugi hjá krökkum í dag er því augljóslega mikill, en aðstaðan sem Nesklúbburinn hefur til náðskeyða er komin yfir þolmörk.

Ef teknar eru saman heildartölur þá hafa með vikulegum æfingum og golfleikjánaðskeyðum yfir 350 krakkar farið í gegnum starf Nesklúbbsins á árinu. Hlutfall drengja er um 2/3 og hlutfall stúlkna um 1/3 af þeim sem æfa hjá okkur.

Við höfum leitað leiða síðustu ár við að koma sem flestu ungu fólki á Seltjarnarnesi í kynni við golfíþróttina og einn liður í því var að koma golfinu inn í skólakerfið á Nesinu. Í ár er fjórða árið sem nemendur í Valhúsaskóla hafa möguleika á að velja golf sem valgrein í skólanum. Vel hefur verið tekið í golfið sem val í flóru skólastarfsins og skráningin í golf verið mjög góð hjá nemendum skólans.

Steinn Baugur Gunnarsson íþróttastjóri Nesklúbbsins er í forsvari fyrir barna- og unglingastarfi klúbbsins. Guðmundur Örn Árnason, Magnús Máni Kjærnested og Ólafur Marel Árnason starfa sem þjálfarar í barnastarfi klúbbsins. Einnig hafa margir af okkar upprendandi kylfingum unnið sem leiðbeinendur við þjálfun á golfleikjánaðskeyðum yfir sumartímann.

Að lokum viljum við þakka meðlimum klúbbsins fyrir tillitsemi í garð yngstu iðkenda okkar. Eins og meðlimir hafa tekið eftir þá hefur bláu hringjunum fjölgað mikið í rástímaskráningum í sumar og margir krakkar verið ófeymnir við að skrá sig með fullorðna fólkinu í golf. Það krefst kjarks hjá krökkunum sem eru að koma sér af stað að skrá sig með ókunnugu fólki í golf en aftur og aftur höfum við heyrt af því hvað meðlimir okkar hafa tekið krökkunum vel og stutt þau áfram á vellinum og haft gaman af því að spila með þeim. Það er ómetanlegt fyrir krakkana hvað meðlimir klúbbsins hafa tekið þeim vel úti á velli og finna fyrir þessum stuðningi og hvatningu þegar þau eru að koma sér af stað í að spila á vellinum. Eins og við vitum þá er golfið einstök íþrótt sem tengir saman ólíkar kynslóðir og krakkarnir læra góð gildi og siði í golfinu auk þess að fá hlé frá amstri dagsins og snjalltækjum. Golfvöllurinn okkar er griðastaður fyrir marga og það er sannarlega góður staður að alast upp og verja sumrunum á golfvellinum. Við sem stöndum að starfinu erum afar þakklát meðlimum fyrir tillitsemina og umhyggjuna við börnin sem tengjast starfi klúbbsins.

Steinn Baugur Gunnarsson, íþróttastjóri



Mótahald

Móta- og viðburðarskrá var fjölbreytt eins og undanfarin ár. Eins og komið hefur fram í ársskýrslum undanfarinna ára er það fyrst og fremst markmið mótanefndar, og þá um leið stjórnar, að bjóða upp á mót og/eða viðburði sem vekja athygli og áhuga félagsmanna. Þannig leggjum við mótaskrána upp á ári hverju og út frá því hvað áður hefur heppnast vel og þá í hvers konar mót félagsmenn okkar sækja. Það er nefnilega þannig að þegar við förum virkilega að rýna í tölfræðina kom það í ljós að mikill minnihluti félagsmanna tekur þátt í mótum á ári hverju. Því reynum við að gæta jafnvægis enda er eftirspurnin engu að síður vissulega til staðar. Einnig teljum við að sem íþróttafélag sé nauðsynlegt að varðveita þessa grunn starfsemi og reynum því að bjóða upp á mót af ýmsum toga þar sem í flestum tilfellum færri komast að en vilja.

Meistaramót klúbbsins er eins og alltaf hápunktur hvers tímabils. Þátttökumet hefur verið sett á hverju ári undanfarin ár og í þetta skiptið voru 232 meðlimir skráðir til leiks í 19 flokkum. Mótið fór fram dagana 2. – 12. júlí og því haldið yfir 11 daga tímabil sem gerir mótið það lengsta á landinu og þó víðar væri leitað. Ástæðan er að sjálfsögðu aðallega sú að við búum við 9 holu golfvöll sem gerir framkvæmdina í heild töluvert snúnari. Mótið í ár heppnaðist í alla staði vel. Völlurinn var farinn að skarta sínu fegursta eftir hrakfarir vetursins og þá voru veðurguðirnir svona heilt yfir til friðs. Í Meistaraflokki karla var mikil spenna þar sem allt var jafnt eftir 72 holur hjá þeim Heiðari Steini Gíslasyni og Ólafi Marel Árnasyni. Eins og segir til í reglugerð mótsins skal þá leikinn þriggja holu umspil og fór svo að lokum að Heiðar Steinn sigraði og vann þar með sinn fyrsta klúbbmeistaratitil. Í kvennaflokki var það Karlotta Einarsdóttir sem sigraði og bætti enn einum titlinum í safnið og býr nú að 21 klúbbmeistaratitili sem einfaldlega hlýtur að vera íslandsmet. Í opna Forval kvennamótinu setti Karlotta nýtt vallarmet kvenna á teigum 47 er hún lék á 68 höggum.

Móta- og viðburðarskrá var fjölbreytt eins og undanfarin ár. Eins og komið hefur fram í ársskýrslum undanfarinna ára er það fyrst og fremst markmið mótanefndar, og þá um leið stjórnar, að bjóða upp á mót og/eða viðburði sem vekja athygli og áhuga félagsmanna. Þannig leggjum við mótaskrána upp á ári hverju og út frá því hvað áður hefur heppnast vel og þá í hvers konar mót félagsmenn okkar sækja. Það er nefnilega þannig að þegar við förum virkilega að rýna í tölfræðina kom það í ljós að mikill minnihluti félagsmanna tekur þátt í mótum á ári hverju. Því reynum við að gæta jafnvægis enda er eftirspurnin engu að síður vissulega til staðar. Einnig teljum við að sem íþróttafélag sé nauðsynlegt að varðveita þessa grunn starfsemi og reynum því að bjóða upp á mót af ýmsum toga þar sem í flestum tilfellum færri komast að en vilja.

Meistaramót klúbbsins er eins og alltaf hápunktur hvers tímabils. Þátttökumet hefur verið sett á hverju ári undanfarin ár og í þetta skiptið voru 232 meðlimir skráðir til leiks í 19 flokkum. Mótið fór fram dagana 2. – 12. júlí og því haldið yfir 11 daga tímabil sem gerir mótið það lengsta á landinu og þó víðar væri leitað. Ástæðan er að sjálfsögðu aðallega sú að við búum við 9 holu golfvöll sem gerir framkvæmdina í heild töluvert snúnari. Mótið í ár heppnaðist í alla staði vel. Völlurinn var farinn að skarta sínu fegursta eftir hrakfarir vetursins og þá voru veðurguðirnir svona heilt yfir til friðs. Í Meistaraflokki karla var mikil spenna þar sem allt var jafnt eftir 72 holur hjá þeim Heiðari Steini Gíslasyni og Ólafi Marel Árnasyni. Eins og segir til í reglugerð mótsins skal þá leikinn þriggja holu umspil og fór svo að lokum að Heiðar Steinn sigraði og vann þar með sinn fyrsta klúbbmeistaratitil. Í kvennaflokki var það Karlotta Einarsdóttir sem sigraði og bætti enn einum titlinum í safnið og býr nú að 21 klúbbmeistaratitili sem einfaldlega hlýtur að vera íslandsmet. Í opna Forval kvennamótinu setti Karlotta nýtt vallarmet kvenna á teigum 47 er hún lék á 68 höggum.



ECCO bikarmeistari ársins var það Hjalti Garðar Matthíasson sem sigraði Bjarna Hrafn Andrason í æsispennandi úrslitaviðureign 1/0. Klúbbmeistari í holukeppni var Ólafur Marel Árnason, en hann sigraði Kristinn Arnar Ormsson 2/1 í úrslitaleiknum.

Einvígið á Nesinu var haldið í 29. sinn, nú mánudaginn 4. ágúst. Óhætt er að segja að þessi árlegi góðgerðarviðburður Nesklúbbsins hafi náð nýjum hæðum í bæði umfjöllun og ekki síður fjölda áhorfenda sem lögðu leið sína á Nesið að fylgjast með. Frábært veður var þennan dag og léku 10 af bestu kylfingum landsins frábært golf á frábærum golfvelli fyrir framan mörg hundruð áhorfendur. Sigurvegari varð að lokum Tómas Eiríksson Hjaltested úr Golfklúbbi Reykjavíkur eftir æsispennandi lokaholu þar sem hann sigraði Aron Snæ Júlíusson úr GKG með því að setja niður 5 metra pútt fyrir fugli. Í ár var leikið í þágu minningarsjóðs Bryndísar Klöru og var foreldrum hennar í mótslok afhent ávísun að upphæð ein milljón króna. Arion Banki var styrktaraðili mótsins og sinntu sínu hlutverki af mikilli fagmennsku. Svo skemmtilega vildi til að í mótslok tilkynnti Jóhann Möller forsvarsmaður Arion Banka að bankinn myndi styðja við mótið á næsta ári þegar einvígið verður haldið í 30. sinn og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

Draumahöggið heldur áfram að stækka og stækka. Viðburðurinn sem haldinn er á ári hverju fyrir þá kylfinga sem hafa farið holu í höggi á liðnu ári, fór fram laugardaginn 6. september. Keppendur voru 100 talsins sem er met og fengu allir eitt högg á 9. braut með það að leiðarljósi að fara sem næst holunni. Ef svo skemmtilega vildi til að einhver færi holu í höggi fengi viðkomandi bifreið frá bílaumboðinu ASKJA.

Það gerðist þó ekki í þetta skiptið en sá kylfingur sem var næst holu var Friðrik Þór Friðriksson úr Golfklúbbi Sandgerðis, 1,38 metra frá holu og fékk í verðlaun gjafabréf frá Evrópuferðum að upphæð 50.000 krónur.

